

Goðsagnabíngó

Listasmiðja fyrir grunnskólabörn (10 –12 ára)

Tvær til þrjár kennslustundir (þurfa ekki að vera samfelldar). Einn til tveir leiðbeinendur.

Markmið: Að börnin búi til spurningaspil sem byggist á norrænum goðsögnum.

Efni:

Kartonspjöld, litaður pappír, blýantar, strokleður, yddarar, trélitir, tússlitir og skæri.

Tvær skálar til að draga miða úr, hringlaga form til að strika eftir, t.d. lítil glös (eitt á mann).

Spurningar og svör fylgja en þau þarf að prenta út og klippa í sundur.

Undirbúningur:

Bækur sem henta vel fyrir listasmiðjuna:

– Gylfaginning, *Snorra-Edda*

– *Örlög guðanna*. Ingunn Ásdísardóttir og Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Sjá fleiri handbækur sem gætu komið að gagni á bókalistanum aftast í skjalinu.

Bækurnar eru á staðnum þegar börnin mæta í vinnusmiðjuna. Kennarar/leiðbeinendur prenta út spurningar og svör og klippa í sundur. Svörin eru sett í eina skál og spurningarnar í aðra. Börnin koma til með að draga svör úr skál. Kennarar draga spurningar úr skál.

Kynning og markmið:

Börnunum er gerð grein fyrir því hvað þau eru að fara að gera: Að búa til goðsagnabíngó sem byggist á heimsókninni á sýninguna Heimur í orðum og heimi norrænna goðsagna.

Verkefnið felst í því að útbúa bíngóspjöld með myndum sem eru svör við nokkrum spurningum úr norrænum goðsögnum. Síðan verður goðsagnabíngóið spilað.

Upprifjun:

Kennarar/leiðbeinendur stýra upprifjun á heimsókn á sýninguna Heimur í orðum. Mikilvægt er að börnin fái tækifæri til að velta eigin upplifun fyrir sér.

Kynning á persónum úr norrænum goðsögnum:

Kennarar/leiðbeinendur kynna nokkrar af helstu persónum norrænna goðsagna og leiða umræður um þær. Gæta þarf þess að minnast á allar þær persónur sem koma fyrir í spurningunum til að börnin eigi möguleika á að vita svarið við þeim.

Hugmynda- og skissuvinna

Kennarar/leiðbeinendur útskýra verkefnið: Að útbúa bingóspjöld með níu hringlaga myndum á. Myndirnar eru svör við spurningum um norræna goðafræði. Hvert barn á að útbúa eitt bingóspjald með níu myndum. Börnin draga níu miða úr skál. Hver miði lýsir myndefni sem á að teikna. Ef barn dregur tvo (eða fleiri) miða með sama myndefni má það skila öðrum miðanum í skálina og draga nýjan miða. Kennarar geta ákveðið að hafa sex myndir á spjaldi.

Listsköpun: Myndir teiknaðar

- börnin fá teiknipappír til að skissa á, hvítt kartonspjald fyrir spilaborðið og litaðan pappír
- börnin nota glas til að teikna níu hringform á kartonspjaldið (einn hring fyrir hverja mynd)
- börnin teikna myndirnar/svörin innan í hringina með blýanti
- börnin lita myndirnar með túss- eða trélitum
- börnin teikna níu hringform á lituðu pappírsörkina og klippa hringina út

Undirbúningur fyrir spilagleði

- kennararnir láta spurningarnar í skál og hræra vel í
- hvert og eitt barn er með sitt spjald fyrir framan sig á borðinu
- börnin hafa hringina úr litaða pappírnum til hliðar við bingóspjaldið

Eftirfylgni/Spilað:

Nú eru börnin tilbúin til að spila goðsagnabingóið.

Kennarar/leiðbeinendur draga spurningu úr skálinni og lesa hana upphátt. Skömmu síðar bæta þeir vísbendingunni við. Börnin leggja hring úr lituðum pappír ofan á svarið ef þau eru með réttu myndina/svarið á spjaldinu sínu. Það barn sem fyllir spjald sitt fyrst vinnur og svo koll af kolli þar til skálin er tóm og búið að spyrja allra spurninga. Seinna er hægt að skiptast á spjöldum og spila aftur.

Spurningar fyrir goðsagnabingóið

Höfundur: Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Leiðbeiningar fyrir kennara/leiðbeinendur:

- Prentið út blöðin með spurningunum
- Lesið spurningarnar (og vísbendingarnar) yfir og kynnið ykkur innihald þeirra
- Klippið svo spurningarnar í sundur og setjið þær í skál
- Kennarar draga spurningarnar úr skálinni og lesa þær upphátt

Hvers konar dýr er Fenrir? Vísbending: Hann er bróðir Miðgarðsormsins og Heljar

Hvað er Skíðblaðnir? Vísbending: Það fær byr þegar segl er dregið upp

Hvað leggur Týr að veði í kjaft Fenrisúlfsins? Vísbending: Á því eru fimm fingur

Hvernig er hár og skegg þrumuguðsins Þórs á litinn? Vísbending: Liturinn minnir á eld

Hvað er Hliðskjálf? Vísbending: Freyr settist í það þótt slíkt væri stranglega bannað

Hvað eru örlaganornir margar? Vísbending: Þær tákna fortíð – nútíð – framtíð

Hvað gerist þegar Þór kastar hamrinum sínum? Vísbending: Því fylgja oft þrumur

Hvers konar fuglar flytja Óðni fréttir? Vísbending: Þeir eru svartir

Hvers kyns ávaxta gætir Iðunn? Vísbending: Þeir viðhalda æskuþrótti goðanna

Hvaða dýr á Freyr? Vísbending: Það hrín

Hverju fórnar Óðinn í Mímisbrunn til að öðlast visku? Vísbending: Hann hafði tvö slík

Hvað er Eldhrímnir? Vísbending: Það er hægt að elda í honum

Hvers konar kynjavera nagar eina af rótum heimstrésins? Vísbending: Ævintýralegt

Hvaða dýr draga vagn ástargyðjunnar Freyju? Vísbending: Þau sjá vel í myrkri

Hvaða dýr draga vagn þrumuguðsins Þórs? Vísbending: Afkvæmi = kiðlingar

Hvort er eldur eða ís í Múspellsheimi? Vísbending: Þaðan kemur jötunninn Surtur

Hvort er eldur eða ís í Niflheimi? Vísbending: Þar er gjarnan frostþoka

Hvað þyrfti Sleipnir að hafa margar skeifur? Vísbending: Tvöfalt fleiri en venjulegur hestur

Hvað eru heimarnir margir í norrænum goðsögnum? Vísbending: 3 x 3

Hvers konar dýr hleypur upp og niður eftir stofni heimstrésins? Vísbending: Nagdýr

Hvað kemur undan vængjum arnarins efst í Aski Yggdrasils? Vísbending: Það blæs

Hverju kasta goðin í Baldur sér til skemmtunar? Vísbending: Þau eru lífshættuleg

Hvað er það sem Loki fann upp? Vísbending: Það er notað til að veiða fisk

Hvað varð til úr hári jötunsins Ýmis? Vísbending: Fuglar setjast oft í þau

Hvað er Draupnir? Vísbending: Hann minnir á Hringadróttinssögu

Hvað varð til úr blóði jötunsins Ýmis? Vísbending: Það er saltbragð af því

Hvernig er brúin Bifröst á litinn? Vísbending: Sól og regn

Svör fyrir goðsagnabingóið

Höfundur: Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Leiðbeiningar fyrir kennara/leiðbeinendur: (hvert barn dregur sex eða níu svör)

- Prentið blöðin út í jafn mörgum eintökum og þarf miðað við barnahópinn
- Klippið svörin við spurningunum (sem eru 27 talsins) í sundur og setjið í skál
- Börnin draga sex eða níu svör úr skálinni – þau draga aftur ef þau fá sama svarið
- Börnin teikna myndirnar (svörin) innan í hringina á bingóspjaldinu sínu og lita þær

Teiknaðu stóran úlf innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu víkingaskip með segl innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu hönd innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Fylltu einn hringinn með rauðum lit

Teiknaðu hásæti innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu tölustafinn 3 innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu eldingu innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu tvo hrafna innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu nokkur gullepli innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu svín með gullinn kamb innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu auga innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu pott sem hægt er að sjóða mat í innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu dreka innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu tvo ketti innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu tvo geithafra innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu eld innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu klaka (ís) innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu átta skeifur (fyrir hesta) innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu tölustafinn 9 innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu íkorna innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu vind innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu sverð, spjót og öxi innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu net eins og notað er til að veiða fisk í innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu nokkur tré innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu gullhring innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu sjó innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Teiknaðu regnboga innan í einn hringinn á bingóspjaldinu

Hugmyndabrunnur – bókalisti

Höfundur: Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Nokkrar handbækur sem gætu komið að gagni í listasmiðjunum:

Goð og hetjur í heiðnum sið: Undirstöðuverk um fornan íslenskan menningararf, Politikens Forlag A/S, 1986.

Guðir og vættir úr Snorra-Eddu. Anna Kristín Ásbjörnsdóttir og Florence Helga Thibault, Nýhöfn, 2017.

Guðirnir okkar gömlu: ásamt Snorra-Eddu. Sölvi Sveinsson, Bjartur – Veröld, 2006.

Hávamál. Þórarinn Eldjárn og Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Mál og menning, 2011.

Lífð í Ásgarði: Gullnar töflur í grasi. Iðunn Steinsdóttir og Freydís Kristjánsdóttir, Námsgagnastofnun, 2008.

Norrænar goðsagnir. Neil Gaiman, Benedikt, 2017.

Norrænir guðir í nýju landi: Íslensk heiðni og goðsögur. Böðvar Guðmundsson og Heimir Pálsson, Mál og menning, 2015.

Norrænu goðin. Johan Egerkrans, Drápa, 2019.

Ormurinn langi: Leiftur úr íslenskum bókmenntum. Bjartur, 2014.

Óðinn og bræður hans: Heimur verður til. Iðunn Steinsdóttir og Freydís Kristjánsdóttir, Námsgagnastofnun, 2006.

Snorra-Edda á nútíma íslensku. Bjarki Bjarnason sneri til nútímamáls, Óðinsauga, 2015.

Sögur úr norrænni goðafræði. Bjarki Karlsson þýddi, Rósakot, 2016.

Völuspá. Þórarinn Eldjárn og Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Mál og menning, 2005.

Æsir á fljúgandi ferð: Hefnd Loka. Iðunn Steinsdóttir og Freydís Kristjánsdóttir, Námsgagnastofnun, 2009.

Örlög guðanna: Sögur úr norrænni goðafræði. Ingunn Ásdísardóttir og Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Mál og menning, 2008.

Nokkrar barnabækur sem fjalla um norrænar goðsagnir á skapandi hátt:

Goðheimar – Myndasöguserían. Henning Kure og Peter Madsen, Íðunn, 2010 - 2023.

Norður. Camilla Hubbe og Rasmus Meisler, Dimma, 2019.

Nornasaga: Hrekkjavakan. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Bókabeitan, 2019.

Nornasaga 2: Nýársnótt. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Bókabeitan, 2020.

Nornasaga 3: Þrettándinn. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Bókabeitan, 2021.

Sleipnir og stórhættulega fjölskyldutréð. Ævar Þór Benediktsson og Gunnar Karlsson, Bókmenntaborgin, 2018.

Úlfur og Edda: Drekaaugun. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Bókabeitan, 2017.

Úlfur og Edda: Drottningin. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Bókabeitan, 2018.

Úlfur og Edda: Dýrgripurinn. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Bókabeitan, 2016.

Valkyrjusaga. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Bókabeitan, 2024.

Vetrarævintýri Sleipnis. Gerður Kristný og Gunnar Karlsson, Bókmenntaborgin, 2015.

Þín eigin goðsaga. Ævar Þór Benediktsson, Mál og menning, 2015.

Þín eigin saga 2: Börn Loka. Ævar Þór Benediktsson og Evana Kisa, Forlagið, 2018.

Þór: Leyndarmál guðanna. Friðrik Erlingsson og Gunnar Karlsson, Veröld, 2010.